

Aðalfundur Félags tölvunarfræðinga 2012

Aðalfundur Félags tölvunarfræðinga var haldinn þriðjudaginn 22. maí 2012 kl 17:00 í sal Verkfræðingafélagsins að Engjateigi 9. Sjá gestalista í fundargerðarbók yfir mætingu.

Formaður bauð gesti velkomna og stakk upp á Björgvini Áskelssyni sem fundarstjóra. Það var samþykkt. Fundarstjóri stakk upp á Ólafi Kristinssyni sem fundaritara. Var það samþykkt. Dagskrá fundar er samkvæmt 9. gr laga FT:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning skoðunarmanna.
6. Ákvörðun félagsgjalda.
7. Önnur mál.

Björgvin sýndi tölvupóst með fundarboði og staðfesti að löglega hafði verið boðað til fundar.

1. Formaður fyrrverandi stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar

Kæru tölvunarfræðingar, velkomin á Aðalfund Félags tölvunarfræðinga 2012.

Félagatalið

Virkir félagar eru um 550 og hópmeðlimum á facebook hefur fjölgað úr 450 í 500. Við höfum lagt áherslu á að ná betra sambandi við háskólana og nemendafélögin Tvíund og Nörd. Í mars héldum við vel sóttu kynningu í HR á starfsemi félagsins „Hvað getum við gert fyrir þig“. Þar kynntum við líka þjónustu ST - Stéttarfélags Tölvunarfræðinga. Markmiðið er að þjóna stéttinni sæmilega og sjá til þess að nýliðun verði eðlileg í félaginu.

Stjórnarfundir

Stjórnin kom saman til fundar 6 sinnum á árinu og héldu auk þess Stjórnar dinner á GrillMarkaðinum.

Viðburðir (8 Samlokufundir, 3 Vísindaferðir)

1.sept – Samlokufundur: Björn Swift kynnti innleiðingu opins hugbúnaðar (open source) í Menntaskólanum í Reykjavík og öðrum skólum. Auk Björns var Tryggvi Björgvinsson frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og svaraði hann spurningum um sambærilega innleiðingu í öðrum skólum.

23.sept – Vísindaferð til Meniga. Meniga.is heimilisbókhalds vefurinn var valinn besti íslenski vefurinn 2010 og hlaut verðlaun fyrir bestu tæknilausnina á ráðstefnunni Finovate Europe 2011. Þarna eru spennandi hlutir í gangi og margir útrásarsprotar í gangi.

27.okt –Alti Þorbjörnsson framkvæmdastjóri Gangverks sagði frá mobile development. iPhone apps forritun.

15.nóv –Pratik Kumar hélt frábærar fyrirlestur um þróun á Air-Server hugbúnaðinum auk annarra verkefna sem hann fæst við

13.des –Þorsteinn Geirsson framkvæmdastjóri IceMedix kynnti fyrir fundargestum hvernig IceMedix aðstoðar lækna við sjúkdómagreiningu.

19.des –Sverrir Ólafsson, framkvæmdastjóri Conexant sagði frá Aakash spjaldtölvunni sem er ódýrasta spjaldtölva heims (5þús kall), en Aakash byggir á örgjörva og hugbúnaði frá Conexant Systems og Sverrir stýrði þróun þess hugbúnaðar.

26.janúar –Magnús Már Halldórsson prófessor í tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík sagði okkur frá spennandi rannsóknum sem hann er að gera varðandi þróun þráðlausra neta í framtíðinni, en Magnús fékk öndvegisstyrk Rannís.

14.febrúar –Á Valentínusardag kom Margrét Dóra Ragnarsdóttir tölvunarfræðingur og sálfræðingur í heimsókn og kenndi okkur hvernig hægt er að vinna ástir notenda

18.apríl –Heiðar Þór Guðnason hjá Opnum kerfum kynnti fyrir okkur Clearwell hugbúnaðinn sem m.a. er notaður við rannsóknir á tölvugögnum hjá Sérstökum saksóknara, efnahagsbrotadeild og FME.

26.apríl – Vísindaferð – Tölvudeild Háskólans í Reykjavík kynnti deildina, meistaranámsið og styrkjamöguleika.

4.maí – Vísindaferð til Marorku. Marorka þróar orkustjórnunarkerfi fyrir skip með það að marki að draga úr olíunotkun og þar með eldsneytiskostnaði og mengun. Marorka fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008.

22. maí 2012 – **Aðalfundur FT**

Vefurinn

Við höfum lagt áherslu á að birta myndir af öllum viðburðum hjá félaginu til að varpa ljósi að starfsemi og hafa síðuna fallegra. Við sendum ekki út neinn pappír og höfum eingöngu notast við rafrænar boðleiðir á starfsárinu.

ToDo

Það sem helst stendur útaf af verkefnum stjórnarinnar er frekari tiltekt í félagalistanum. Þetta er bagalegt þar sem formaður félagsins þykist hafa sérstakan áhuga á gagnagæðum. Það kom til tals að halda ráðstefnu, þar sem fókusinn væri á DATA; Data management / Big DATA / Data mining / NoSQL.

Kjarakönnunin

Kjarakönnun var gerð í febrúar/mars og verða helstu niðurstöður kynntar að loknum aðalfundi.

*Birna Guðmundsdóttir
formaður stjórnar FT*

2. Formaður fór yfir reikningskil og samanburð við síðustu ár. Engar athugasemdir bárust. Áritun skoðunarmanna liggur fyrir. Reikningar samþykktir með öllum gildum atkvæðum.

Rekstrarreikningur 1. apríl 2011 - 31. mars 2012		Efnahagsreikningur 31. mars 2012	
Tekjur		Eignir	
Félagsgjöld 2011-2012	795.000	Aðalreikningur (401510)	73.647
Félagsgjöld 2010-2011	441.000	Félagsgjöld (408086)	684.650
Vextir	65.941	Sparireikningur (400990)	551.049
Samtals tekjur	1.301.941	Verðbréfareikningur (105106)	1.939.333
		Sparireikningur (601680)	195.705
		Samtals eignir	3.444.384

Gjöld		Skuldir og eigið fé	
Aðalfundur 2011	90.463	Skuldir	303.780
Almennir félagsfundir	190.081	Eigið fé	3.140.604
Bankakostnaður	79.600	Skuldir og eigið fé samtals	3.444.384
Kjarakönnun	839.691		
Internet og samskipti	31.929		
Skattar	13.186		
Ráðstefna	164.354		
Stjórn	126.350		
Samtals gjöld	1.535.654		

Höfuðstóll	
Höfuðstóll 31.3.2011	3.374.317
Hagnaður (tap) ársins	-233.713
Höfuðstóll 31.3.2012	3.140.604

Afkoma ársins	
	-233.713

Yfirlit síðustu 10 ára

Tekjur	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Félagsgjöld	726.000	974.750	1.319.500	1.256.250	1.172.500	381.500	1.289.750	2.062.500	1.062.000	645.000	1.236.000
Vextir	72.366	59.775	40.448	50.272	111.602	231.528	300.849	410.581	257.534	133.737	65.941
Aðrar tekjur	12.646	0	992.776	0					356.693	3.500	0
Samtals tekjur	811.012	1.034.525	2.352.724	1.308.522	1.284.102	613.028	1.590.599	2.473.081	1.676.227	782.237	1.301.941



Gjöld	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Samskipti við félagsmenn	111.444	170.428	187.423	169.336	156.013	222.536	244.638	53.868	23.218	15.439	31.929
Almennir félagsfundir	89.757	62.594	123.369	141.709	107.505	0	82.947	122.620	79.047	121.779	190.081
Aðalfundur	72.411	58.817	46.122	43.327	28.688	35.200	13.500	61.588	33.331	67.368	90.463
Kjarakönnun	311.250	477.075	404.332	506.814	460.800	49.604	1.101.140	878.970	0	513.295	839.691
Stjórn	71.400	90.905	122.285	7.600	64.030	0	69.810	121.918	122.303	188.390	126.350
Annað	10.553	6.215	853.100	552.420	16.134	25.589	163.095	273.901	1.170.969	43.814	257.140
Samtals gjöld	666.815	866.034	1.736.631	1.421.206	833.170	332.929	1.675.130	1.512.865	1.428.868	950.085	1.535.654

Hagnaður	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
	144.197	168.491	616.093	-112.684	450.932	280.099	-84.531	960.216	247.359	-167.848	-233.713

Eignir	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Bankareikningar	1.420.628	1.667.711	2.340.589	2.184.510	2.895.920	2.419.121	3.399.125	3.960.404	3.611.680	3.420.937	3.444.384
Samtals eignir	1.420.628	1.667.711	2.340.589	2.184.510	2.895.920	2.419.121	3.399.125	3.960.404	3.611.680	3.420.937	3.444.384

Skuldir	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
	404.438	483.030	539.815	496.420	756.898	0	1.064.535	662.057	69.515	46.620	303.780

Höfuðstóll	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
	1.016.190	1.184.681	1.800.774	1.688.090	2.139.022	2.419.121	2.334.590	3.298.347	3.542.165	3.374.317	3.140.604



3. Engar lagabreytingar lágu fyrir.

- 4.** Kosning stjórnarmanna.
- Núverandi formaður bauð sig fram aftur, ekkert mótframboð kom. Birna Guðmundsdóttir einróma kosinn.
 - Í stjórn buðu sig fram og voru kosin einróma: Ólafur Kristinsson, Monica Roismann, Auður Ösp Jónsdóttir og Steingrímur Jónsson.
 - Tveir buðu sig fram til varamanna og voru þeir kosnir einróma: Gunnar Hallsson og Helgi Már Erlingsson.
- 5.** Skoðunarmenn buðu sig fram aftur: Kjartan R. Guðmundsson og Ívar Gunnarsson. Ekkert mótframboð eða tillaga barst og þeir því samþykktir með lófaklappi.
- 6.** Félagsgjöld. Stungið upp á 0 kr , 2900 kr, 3000 kr og 3100 kr. Kosið var um tillögur:
- 0 kr - ekkert atkvæði með. Hafnað.
 - 3100 kr - Eitt atkvæði með. Hafnað.
 - 2900 kr - 6 atkvæði með, 13 atkvæði á móti. Hafnað.
 - 3000 kr - 17 með, samþykkt með meirihluta atkvæða.
- Tillaga um óbreytt félagsgjöld voru því samþykkt.*
- 7.** Önnur mál:
- Póstlistamál - heyrst hefur að póstur er ekki að skila sér nógu vel.
 - Félagið hefur ekki styrkt Skólaverkefni . Ætti félagið að móta sér reglur um að styrkja skólaverkefni. Tillaga um að stjórn kanni grunvöll þess að setja upp ramma fyrir styrktarverkefni. Einnig að kanna styrki með t.d. Kennslu á lægra skólastigi en það eru efasemdir um að það sé hlutverk þessa félags að veita styrki.
 - Það er tækifæri fyrir félagið að eiga pening , t.d. að hafa ráðstefnu með því markmiði að hún beri sig en ef það floppar þá hefur félagið efni á að taka áhættu. Því er gott fyrir félagið að eiga sjóð til að geta tekið slíka áhættur.
 - Kjarakönnun félagsins er hugsanlega ekki að berast í gegnum póstsúr.
 - Tillaga um að hafa kjarakönnunina sem live PDF skjal. Auglýst eftir aðstoð við það - enginn á aðalfundi bauð sig fram til þess.
 - Félagsvefurinn er ekki að virka sem skyldi - þetta er langtímaverkefni hjá stjórn en hefur ekki gengið sem skyldi.

Fundi slitið um klukkan 19. Fundargerð ritaði Ólafur Kristinsson.